

Umhverfis- og skipulagsnefnd - 107107. fundur umhverfis- og skipulagsnefndar
haldinn í Ráðhúsi Snæfellsbæjar, fimmtudaginn 31. ágúst 2017 og hófst hann kl. 11:00.

Fundinn sátu:

Pétur Steinar Jóhannsson Nefndarmaður, Drífa Skúladóttir Nefndarmaður, Svanur Tómasson Embættismaður, Illugi Jens Jónasson Nefndarmaður, Margrét Björk Björnsdóttir Nefndarmaður, Vilberg Ingi Kristjánsson Varamaður og Davíð Viðarsson Ritari.

Fundargerð ritaði: Davíð Viðarsson, Byggingarfulltrúi.

Dagskrá:

- 1. 1708008 - Gufuskálar_reyndarteikningar til samþykktar**
Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið. Athuga verði með vatnsveitumál og slökkvivatn.
- 2. 1708003 - Erlulundur_Umsókn um byggingarleyfi fyrir sumarbústað**
Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.
- 3. 1708002 - Bæjartún 11_umsókn um niðurrif á bílskúr**
Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um samþykki veðhafa ef þeir eru.
- 4. 1708011 - Öxl_umsókn um framkvæmdaleyfi fyrir lögn undir veg**
Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið að fengnu samþykki Vegagerðarinnar.
- 5. 1708009 - Hleinapláss Hellnum_framkvæmdaleyfi fyrir lagningu vegarhluta milli Búðarbrunnis og Veruflatar**
Umhverfis- og skipulagsnefnd frestar málinu og vil nefndin kynna sér málið betur.
- 6. 1708004 - Fellaslóð 4-5_umsókn um stöðuleyfi fyrir 2x hús til veitingasölu**
Umhverfis- og skipulagsnefnd hafnar erindinu meðan unnið er að frekari samþykktum um lóðirnar.
- 7. 1708012 - Ólafsbraut 2, Stakkholt_umsókn um gám á meðan**

framkvæmdum stendur

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.

8. 1708010 - Fjárhúslóð 2_umsókn um stöðuleyfi fyrir 8x gáma fyrir aðstöðu starfsfólks

Margrét vikur af fundi. Umhverfis- og skipulagsnefnd hafnar stöðuleyfisumsókn. Mælt er til að sótt verði um varanlegri lausn á starfsmannarýmum sem fullnægir kröfum byggingarreglugerðar. Margrét kemur inn.

9. 1708006 - Gilsbakki_umsókn um stöðuleyfi fyrir húsi

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.

10. 1708014 - Fellaslóð 5_umsókn um stöðuleyfi fyrir pylsuvagni

Umhverfis- og skipulagsnefnd hafnar erindinu meðan unnið er að frekari samþykktum um lóðirnar.

11. 1705006 - Fellaslóð 1_vegna framkvæmda við nýbyggingu, bréf frá eiganda veitingaskálans

Umhverfis- og skipulagsnefnd ræddi málið og ákvað að boða bréfitara á fund. Einnig var samþykkt að byggingafulltrúa væri falið að svara bréflega þeim bréfum sem borist hafa.

12. 1707003 - Söluvagn á Arnarstapa_erindi frá bæjarráði-umsókn um leyfi fyrir borðum fyrir framan söluvagn

Vilberg vikur af fundi. Umhverfis- og skipulagsnefnd hafnar erindinu en samþykkir þau tvö 6 manna borð sem nú eru fyrir út stöðuleyfistímabilið. Drífa og Margrét sitja hjá.

13. 1708007 - Umferðarmál, Grundarbraut_erindi frá bæjarráði vegna umferðarhraða og umferðaröryggis í götunni

Nefdin leggur til að hægt verði á hraða með þrenginu/hraðahindrun við húsið númer 36. Skilti verði sett upp á gatnamótum Túnb., Hjallab., Klifbraut. Íbúum verði sent svarbréf. Nefndin ræddi þörfina á að farið verði í aðgerðir í samstarfi við Vegagerðina til hraðalækkunar á Ennsibraut og Útnesvegi. Eins að sett verði vegrið yfir brúnna á Höskuldará.

14. 1708005 - Gámamál í Snæfellsbæ_svarbréf frá bæjarráði varðandi leyfisveitingar fyrir gáma

Umhverfis- og skipulagsnefnd mun koma til með taka tillit til þess og lýsir ánægju yfir þessari stefnumörkun bæjarráðs.

15. 1708001 - Arnarstapi_bréf frá íbúa svæðisins vegna rykmengunar frá malarvegi, ruslamála og vatnsmála

UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNÆFELLSBÆJAR

Umhverfis- og skipulagsnefnd þakkar fyrir ábendinguna. Verið er að leyta að lausn vegna vatnsmála. Fyrirhugað er að lækka umferðarhraða á svæðinu og ruslamál verða skoðuð í samráði við íbúa.

16. 1708013 - Ólafsbraut 4, Mettubúð_umsókn um leyfi til að setja upp upplýsingarskilti

Umhverfis- og skipulagsnefnd tekur vel í erindið en óskar að sjá frekari gögnum.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 15:00.